Fjármála- og efnahagsráðuneytið

M I N N I S B L A Ð

Viðtakandi: Fjármála- og efnahagsráðherra
Sendandi: Skrifstofa skattamála (SSK)
Dagsetning: 31.3.2020
Bréflykill: 7.10

Efni: **Skattlagningarréttur á lífeyrisgreiðslum til Portúgal**

Að beiðni fjármála- og efnahagsráðherra hefur SSK tekið saman minnisblað þetta er varðar 1) skattlagningarrétt Íslands á lífeyri manna búsettum í Portúgal og 2) hvort maður geti flutt lögheimili sitt erlendis tímabundið eða til málamynda í þeim tilgangi að taka út séreignarsparnað skattfrjálst.

Samantekt

1) Skattlagningarréttur á lífeyri

- Árið 2018 fengu 24 manns með skráð heimilisfesti í Portúgal greitt úr íslenskum lífeyrissjóðum. Samtals úr sameign voru greiddar **40 m.kr.** og úr séreign **12 m.kr.** Árið 2019 fengu 41 manns lífeyrisgreiðslur, þar af **86 m.kr.** úr sameign og **63 m.kr.** úr séreign. Hlutfall séreignar og meðalgreiðsla á mann eru hæstar til manna í Portúgal samanborið við önnur lönd (sjá fylgiskjöl). Ekki liggur fyrir hve miklu var haldið eftir í staðgreiðslu en líklega er um óverulega upphæð að ræða.[1]
- Samningurinn við Portúgal[2] takmarkar að fullu rétt Íslands til skattlagningar á lífeyri úr sameign eða séreign einkarekinna sjóða. Það sama á við um eingreiðslur á séreign úr opinberum sjóðum sem og bótum almannatrygginga. Ísland er ekki takmarkað þegar kemur að jöfnum greiðslum á sameign eða séreign úr opinberum sjóðum.[3] Skattlagningin skiptist með eftirfarandi hætti skv. samningnum:

Tekjur	**Ísl.**	**Port.**	
Almannatryggingar			
Bætur skv. Almannatryggingum		X	21. gr.
Lífeyrir frá sjóðum sem settir voru á stofn af opinberum aðilum:			
Lífeyrir (sameign)	X		19(2) gr.
Lífeyrissparnaður greiddur með jöfnum greiðslum	X		19(2) gr.
Lífeyrissparnaður greiddur með eingreiðslu		X	18. gr.
Lífeyrir frá öðrum sjóðum			
Lífeyrir (sameign)		X	18. gr.
Lífeyrissparnaður greiddur með jöfnum greiðslum		X	18. gr.
Lífeyrissparnaður greiddur með eingreiðslu		X	18. gr.

- Portúgal skattleggur ekki lífeyrisgreiðslur, að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Ráðuneytið tók til skoðunar hvort hægt væri að hafna ívilnun samnings við þessar aðstæður. Niðurstaðan var sú að slíkt

[1] Erlendir lífeyrisþegar eiga rétt á persónuafslætti, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 70. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.
[2] Flestir tvísköttunarsamninga Íslands eru sambærilegir þeim portúgalska.
[3] Nánar tiltekið, sjóðum sem stofnaðir voru af hinu opinbera og sem taka við iðgjaldi vegna vinnu fyrir hið opinbera.

myndi að öllum líkindum ekki standast. Þess mun þó ekki gerast þörf því fyrir portúgalska þinginu liggur frumvarp þess efnis að taka upp 10% skatt á lífeyri sem líklegt er að verði samþykkt.

2) Flutningur á heimilisfesti (lögheimili)

- Skattaleg heimilisfesti helst alla jafnan í hendur við fasta búsetu (lögheimili) manns. Almennt hefur ekki verið hægt að færa heimilisfesti eftir hentugleika heldur aðeins þegar föst búseta hefur sannanlega breyst. Við matið hefur m.a. verið horft til aðgangs að varanlegu húsnæði, hvar vinna fer fram, staðsetning fjölskyldu, iðkun tómstunda o.þ.h. og hafa dómstólar lagt töluvert ríkar kröfur á skattaðila að sýna fram á að föst búseta sé sannanlega erlendis.
- Maður sem sannanlega tekur upp fasta búsetu í Portúgal getur líklega leyst út séreignarsparnað sinn skattfrjálst, að því gefnu að Portúgal skattleggi ekki slíkar tekjur (aðrar reglur gætu gilt um sparnað en lífeyri).
    - [redacted]
    - Veruleg aukning er á greiðslum til aðila með skráða búsetu í Portúgal á árunum 2018-2019.

Annað

- Rétt er að benda á að erlendum lífeyrissjóðum er heimilt að taka á móti iðgjöldum vegna séreignar. Við það fara fjármunir úr landi án skattlagningar. Þegar útborgun lífeyris fer fram úr erlendum sjóði getur Ísland ekki skattlagt á grundvelli uppruna þar sem erlendir sjóðir falla ekki undir lögin. Skattlagningarréttur Íslands byggir í þeim tilfellum alfarið á þeirri forsendu að móttakandi sé búsettur á Íslandi.
- Að mati SSK er rík ástæða að fara í heildstæða skoðun á skattframkvæmd og tekjuöflun af lífeyrisgreiðslum og bótum sem greiddar eru til erlendra manna.

****

Fylgiskjal 1 – yfirlit yfir greiðslur úr landi 2019

Skilagreinar 2019

	Heiti lands	Fjöldi	Sameign	Séreign	Hlutfall séreignar	Meðaltal á mann
1	Denmark	598	660.048.662	68.253.401	9,4%	1.217.896
2	Norway	562	598.840.357	41.047.208	6,4%	1.138.590
3	Sweden	505	457.295.131	35.239.670	7,2%	975.316
4	Poland	339	124.985.581	30.811.975	19,8%	459.580
5	Spain	224	389.859.216	20.171.103	4,9%	1.830.492
6	UNITED STATES	176	133.481.809	33.860.185	20,2%	950.807
7	United Kingdom	98	93.201.202	13.824.678	12,9%	1.092.101
8	Germany	91	115.664.929	6.128.605	5,0%	1.338.390
9	Faroe Islands	49	41.175.221	1.923.354	4,5%	879.563
10	**Portugal**	**41**	**85.977.455**	**62.954.362**	**42,3%**	**3.632.483**
11	Canada	36	20.367.563	15.939.873	43,9%	1.008.540
12	France	35	42.778.023	4.962.244	10,4%	1.364.008
13	Australia	29	22.802.372	1.476.933	6,1%	837.217
14	Luxembourg	27	21.402.444	4.950.913	18,8%	976.050
15	Netherlands	24	22.158.610	941.873	4,1%	962.520
16	Lithuania	23	13.717.878	2.052	0,0%	596.519
17	Ríkisfangslaus	22	21.056.103	2.819.049	11,8%	1.085.234
18	Latvia	15	1.779.075	6.651.428	78,9%	562.034
19	Czech Republic	13	14.294.253	620.067	4,2%	1.147.255
20	Finland	13	9.114.270	4.878.623	34,9%	1.076.376
21	Austria	12	16.077.130	0	0,0%	1.339.761
22	China	11	11.576.229	0	0,0%	1.052.384
23	New Zealand	10	4.251.198	0	0,0%	425.120
24	Slovak Republic	10	3.489.860	206.902	5,6%	369.676
25	[redacted]					
26						
27						
28						
29						
30						
31						
32						
33						
34						
	Annað	60	61.464.352	6.693.616	9,8%	1.135.966
	Samtals	**3.076**	**3.037.095.955**	**376.233.476**	11,0%	1.109.665

Fylgiskjal 2 – yfirlit yfir greiðslur úr landi 2018

Skilagreinar 2018

	Land	Fjöldi	Sameign	Séreign	Hlutfall séreignar	Meðaltal á mann
1	Danmörk	537	549.203.041	39.120.419	6,6%	1.095.574
2	Noregur	493	511.496.804	32.220.576	5,9%	1.102.875
3	Svíþjóð	484	419.303.472	25.469.045	5,7%	918.951
4	Poland	255	76.914.459	29.170.326	27,5%	416.019
5	Spain	172	278.818.127	18.997.607	6,4%	1.731.487
6	Bandaríkin	157	103.126.799	15.423.380	13,0%	755.097
7	Bretland	85	63.415.988	4.909.166	7,2%	803.825
8	Germany	79	93.188.674	294.261	0,3%	1.183.328
9	Faroe Islands	44	50.760.978	1.088.256	2,1%	1.178.392
10	Frakkland	32	38.046.111	5.461.876	12,6%	1.359.625
11	Australia	30	26.122.938	4.098.950	13,6%	1.007.396
12	Luxembourg	29	21.648.811	18.883.800	46,6%	1.397.676
13	Canada	28	17.657.477	16.364.359	48,1%	1.215.066
14	Holland	25	13.424.052	2.432.410	15,3%	634.258
15	**Portugal**	**24**	**39.659.024**	**12.266.775**	**23,6%**	**2.163.575**
16	New Zealand	23	3.975.653	505.885	11,3%	194.849
17	Litáen	19	12.095.959	1.243.458	9,3%	702.075
18	Latvia	15	1.580.880	8.269.016	84,0%	656.660
19	Ríkisfangslaus	15	8.565.553	1.510.734	15,0%	671.752
20	Finland	13	10.853.275	10.310	0,1%	835.660
21	Sviss	11	9.130.947	1.139.799	11,1%	933.704
22	Slovak Republic	10	2.713.819	574.767	17,5%	328.859
23	[redacted]					
24						
25						
26						
27						
28						
29						
30						
31						
32						
33						
34						
	Annað	39	31.302.002	6.689.674	17,6%	974.146
	Samtals	**2.692**	**2.449.545.714**	**252.729.261**	9,4%	1.003.817